

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna nýrrar íbúðarbyggðar í landi Arnarstaðakots, Skálmholts og Glóru.

Skipulagsstofnun staðfesti 17. febrúar 2023 breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 30. nóvember 2022.

Í tillögunni felst annars vegar breyting á almennum skipulagsákvæðum um íbúðarbyggð og hins vegar skilgreining á þremur nýjum landnotkunarreitum fyrir íbúðarbyggð, ÍB18 í landi Arnarstaðakots, ÍB19 í landi Skálmholts og ÍB20 í landi Glóru. Til samans eru svæðin um 130 ha að stærð og landbúnaðarland minnkar sem því nemur ásamt frístundabyggð F24, Skálmholtstúni, sem fellur út.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 17. febrúar 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 3. mars 2023